

# 12. fundur stjórnar Siðmenntar

11. desember 2023 | Laugavegi 178 | kl: 16:30

Mætt:

**Á staðnum:** Inga Auðbjörg Straumland, Sigurður Rúnarsson, Kristín Sævarsdóttir og Eyjólfur Örn Snjólfsson framkvæmdastjóri.

**Í fjarfundartengingu:** Kristín Helga Schiöth, Arnar Snæberg og Helga Bára Bragadóttir.

**Fundargerð ritar:** Eyjólfur Örn Snjólfsson, framkvæmdastjóri.

## Dagskrá

### 1. Fjármálastaða

Sjóðsstaða er góð en hér er að miklu leyti um að ræða fjármagn sem mun fara í fermisskjalnað og athafnir.

Framkvæmdastjóri er byrjaður að vinna í fjármálauppgjöri fyrir 2023. Mun bæði nýtast við gerð ársreikninga 2023 og við gerð rekstraráætlunar 2024.

### 2. Starfsmannamál - verkefnastýra borgaralegrar fermingar


Búið er að ganga frá ráðningu Jónu Maríu Ólafsdóttur í stöðu verkefnastýru borgaralegrar fermingar. Hún mun aðeins kíkja við fyrir áramót og taka við verkefnum af verkefnastýru fræðslumála og hefur síðan formlega störf í byrjun næsta árs. Til að byrja með verður starfshlutfall 80% sem mun hækka síðar á árinu 2024.

### 3. Fermingarskráningar


Komnar eru 528 fermingarskráningar, en á sama tíma í fyrri var fjöldi skráninga 680.

Fagmaður var fenginn í verkið að útbúa auglýsingu til að setja á Buzz skjái og var auglýsingin birt á tímabilinu 13. - 29. nóvember. Alls 388.301 birtingar.

### Fjöldi skráninga í fermingarathöfn næsta árs



### Fjöldi skráninga í fermingarfræðslu næsta árs



#### 4. Gaza

Meirihluti trú- og lífsskoðunarfélaga í samráðsvettvanginum eru að klára sameiginlega yfirlýsingu vegna ástandsins á Gaza og stendur til að samþykka og birta 12. desember.

Félaginu þykir yfirlýsingin í bitlausari kantinum en samþykkir að setja nafn sitt við hana.

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands

## 5. Markaðsmál

Það er ýmislegt í gangi í þessum flokki

- **Athafanstjóri vikunnar** - tekin er pása í bili vegna annarra markaðsmála.
- **Vetrarsólstöðuniðurtalning** - Birt verður dagatal á fésinu og instagram þar sem talið er niður í vetrarsólstöður.
- **Sóknargjöld** - Keyrð var auglýsingaherferð til að ýta undir nýskráningum fyrir 1. des. Tölur birtast 14. des.

## 6. Viðburðir yfirstaðnir / í gangi / á döfinni

Viðburðir á döfinni

- **Ungmennaskipti til Þýskalands** 28. okt - 5. nóv. Fengum styrk fyrir þessu verkefni og heppnaðist mjög vel.
- **Efast á kránni** - 23. nóvember. Hulda Þórisdóttir flutti erindi. Vel var mætt og er stefnan að halda slíka viðburði tíðar.
- **Framkvæmdastjórafundur** - Berlín 23. nóvember. Kosið var í stýrihóp fyrir verkefnavinnu á sviði sál-gæslu, æskustarfs og giftingarathafna. Lone stýrir vinnunni og hún er fjármögnuð af Normönnum. EHP hefur beina aðkomu. Ísland mun reyna að bjóða fram vinnuframlag.
- **European Humanists Professional** - Antwerp 5. des. Inga sótti fundinn.
- **Sólstöðuhátíð** - 21. desember. Við munum reyna að fá Braga Pál til að halda erindi ef Matti gefur ekki kost á sér. Allt annað er komið.
- **Jólahugvekja** - 24. desember. Útvarpsstöðvar hafa ekki áhuga. Stefnan er að birta ræðuna frá Sólstöðuhátíðinni.
- **Aðalfundur** - fimmtudagur 7. mars. Stefnum á þennan dag kl. 17 - 21.
- **Nordic Gathering Reykjavík 2024** - lau/sun 4. - 5. maí. Við verðum gestgjafar. Þarf að skipuleggja fljótlega eftir áramót.

## 7. Ársverkin

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands

Hér ber helst að nefna eftirfarandi

- **Jólagjöf til starfsmanna** - Samþykkt að gefa 25 þúsund króna gjafakort.
- **Starfsáætlun 2024** - Vinna hafin og drög komin sem kynnt voru á fundinum.
- **Rekstraráætlun 2024** - Vinna hefst fljótlega eftir áramót.
- **Vinnuhelgi stjórnar 2024** - framkvæmdastjóri sendir út könnun um hvenær hentar í jan/feb.

## 8. Önnur mál

Hér ber helst að nefna eftirfarandi

- **Gæðaráð** - Einu máli vísað til gæðaráðs.
- **Samskipti** - Samskiptamál rædd.
- **Vetrarfundur stjórnar KGRP** - þjónusta skert, tók gildi 1. nóv. Gjöld fyrir athafnir. Opnað fyrir athafnir eftir hádegi. Kostnaðarmál líkhúsa.

Næsti fundur: aðra vikuna í janúar.

## Ákvörðunarlisti

Atriði
Siðmennt styður yfirlýsingu vegna Gaza.
Sólstöðuhátíð 21. des - reynum að fá Braga Pál ef Matti er upptekinn.
Ræðan á sólstöðuhátíð birt 24. des.
Aðalfundur fimmtudag 7. mars
Vinnuhelgi stjórnar í jan/feb
25 þúsund króna gjafabréf í jólagjöf handa starfsmönnum

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands